

Skóstærðir	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	
Létt-Lopi prjónar nr. 4,5	Uppskrift nr. 2		Uppskrift nr. 3		Uppskrift nr. 4			Uppskrift nr. 5			Uppskrift nr. 6			Uppskrift nr. 7			Uppskrift nr. 8		Uppskrift nr. 9									
Álafoss Lopi prjónar nr. 5,5	Uppskrift nr. 1				Uppskrift nr. 2			Uppskrift nr. 3			Uppskrift nr. 4			Uppskrift nr. 5														

Uppskriftin hér að neðan er í 9 stærðum (9 tölur gefnar upp). Hér að ofan sést hvaða uppskrift (tölu) á að nota fyrir viðkomandi skóstærð og lopa.

Fitjið upp á fjóra prjóna, 20-24-28-(32-36-40)-44-48-52 L, skiptið lykkjunum jafnt á prjónana, 5-6-7-(8-9-10)-11-12-13 L á hvern prjón, tengið í hring.

Langt stroff: Prjónið stroff (1 sl. og 1 br. eða 2 sl. og 2 br.) jafnmargar umf. og lykkjur sem fitjaðar voru upp þ.e. 20-24-28-(32-36-40)-44-48-52 umferðir.

Prj. sléttprjón jafnmargar umferðir og lykkjur eru á prjóni, þ.e. 5-6-7-(8-9-10)-11-12-13 umferðir.

Stutt stroff: Prjónið stroff (1 sl. og 1 br. eða 2 sl. og 2 br.) jafnmargar umf. og lykkjur eru á prjóni, þ.e. 5-6-7-(8-9-10)-11-12-13 umferðir.

Prj. sléttprjón jafnmargar umferðir og fitjaðar voru upp þ.e. 20-24-28-(32-36-40)-44-48-52 umferðir.

Hæll

Hællstallar: Færið helming lykkjanna yfir á einn prjón og prjónið þær fram og til baka, geymið lykkjur á rist.

1. umf: Takið fyrstu L óprj og prjónið brugðið út umf.

2. umf: Takið fyrstu L óprj, *prj 1 L sl, takið næstu L óprj*. Endurtakið frá *-* út umf. Prjónið á þennan hátt jafnmargar umf. og helming af uppfitjuðum lykkjum þ.e. 10-12-14-(16-18-20)-22-24-26, en takið fyrstu lykkju alltaf óprjónaða (jaðarlykkjur verða þá jafnmargar að lokum og lykkjufjöldi á prjóni).



Hér sést hællstallurinn þar sem önnur hvor lykkja í umf frá réttu er tekin óprjónuð.

Hæltunga

Hællinn er prjónaður áfram á tvo prjóna, tunga er prjónuð frá miðjum hællstalli og lykkjur felldar af báðum megin við hana. Tungan breikkar eftir því sem lengra er prjónað þannig að hællinn er ekki kantaður heldur rúnnaður.

Setjið merkingu við miðjan hællstall. Byrjið á brugðinni umferð, prjónið 1 L (allar stærðir) fram yfir merkingu (miðju), prj 2 L br saman og 1 L br. Snúið við.

2. umf: Takið 1 L óprj. 2 L fram yfir miðju, 2 L sl saman, 1 L sl. Snúið við. Það sést hvar snúið hefur verið við í fyrri umf., það hefur myndast gap á milli síðustu lykkjunnar og þeirra sem eru skildar eftir óprj á prjóninum.

3. umf: Takið 1 L óprj. prj br þar til 1 L er að gapinu, prj 2 L br saman, 1 L br. Snúið við.

4. umf: Takið 1 L óprj. prj sl þar til 1 L er að gapinu, prj 2 L sl saman, 1 L sl. Snúið við.

Formið hællinn á þennan hátt þar til síðustu 2 L eru prj saman (sitt hvorum megin við gap).



Rúnnað úrtaka á hæl fæst með því að prj 1 L auka eftir úrtöku í hverri umf.

Takið upp lykkjur á jaðri hælstalls, 5-6-7-(8-9-10)-11-12-13 L, og prjónið þær snúnar í fyrstu umf (farið í aftari hluta lykkjunnar). Prjónið lykkjur á ristarpjónum og takið upp lykkjur á hinum jaðri hælstallsins og prjónið að miðri il. Skiptið lykkjum á tungu og hælstalli á tvo prjóna, þannig að jafn lykkjufjöldi verði á hvorum prjóni á il en áfram verði 5-6-7-(8-9-10)-11-12-13 L á prjónum á rist. Byrjið nú umferðir frá miðri il.



Teknar eru upp lykkjur í brún hælstallsins, eins margar og eru á einum prjóni í upphafi.

Úrtökuumferð: 1. prjónn: Prj þar til 3 L eru eftir á prjóninum, prj 2 L sl saman, prj 1 L sl. 4. prjónn: Prj 1 L sl, takið 1 L óprjónaða, prj 1 L sl og steypið óprj lykkjunni yfir, ljúkið umferðinni. Prjónið 1 umferð slétt.

Endurtakið úrtökuumf. og prj. eina umf. slétt á milli þar til sami lykkjufjöldi er á öllum fjórum prjónunum, þ.e. 5-6-7-(8-9-10)-11-12-13 L .



Úrtaka til hægri:

Prj þar til 3 L eru eftir á prjóni, prj 2 L saman, prj 1 L sl.



Úrtaka til vinstri:

Prj þar til 3 L eru eftir á prjóni, takið 1 L óprj, prj 1 L sl og steypið óprj L yfir, prj 1 L sl.

Framleisti

Prj. framleistann slétt, jafnmargar umf. og fitjaðar voru upp, þ.e. 20-24-28-(32-36-40)-44-48-52 umf. (talið frá hælstalli). Einnig er hægt að miða lengd á framleista við fót og prjóna hann fram yfir litlu tá.

Tátota – úrtökuumferð:

1. prjónn: Prjónið slétt þar til 3 L eru eftir, 2 sl. saman, 1 sl.
2. prjónn: 1 sl., 1 L óprjónuð, 1 sl., steypið óprjónuðu lykkjunni yfir, ljúkið við prjóninn
3. prjónn: Eins og 1. prjónn.
4. prjónn: Eins og 2. prjónn.

Uppskrift nr. 9: Byrjið á 4 sléttum umf eftir 1. úrtökuumferð. Prjónið síðan 3, 2 og 1 umferð á milli úrtökuumferða.

Uppskrift nr. 2-8: Byrjið á 3 sléttum umf eftir 1. úrtökuumferð. Prjónið síðan 2 og 1 umferð á milli úrtökuumferða.

Uppskrift nr. 1: Byrjið á 2 sléttum umferðum eftir 1. úrtökuumferð. Prjónið síðan 1 umferð á milli úrtökuumferða.

Allar uppskriftir: Prjónið úrtökur í hverri umferð þar til 8 L eru eftir. Slítið bandið frá og dragið í gegnum lykkjurnar.